



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um Valnefnd

Valnefnd er nefnd á vegum ÍSS, skipuð í framhaldi af skautþingi til tveggja ára.

Í valnefnd skipar stjórn ÍSS þrjú nefndarmenn og velur einn af þeim í sæti formanns. Í valnefnd skulu ekki sitja stjórnarmenn félaga. Nefndarmenn skulu einnig vera óháðir einstökum iðkendum og búa yfir fagþekkingu í greininni. Nefndin starfar eftir *Starfslýsingu valnefndar*.

Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma skal nýr fulltrúi tilnefndur í hans stað af stjórn ÍSS.

Valnefnd veitir stjórn ÍSS faglega ráðgjöf varðandi eftirfylgni viðmiða í landsliðshópa ÍSS, val á landsliði á mót og val á skautakonu ársins. Allar niðurstöður Valnefndar fara fyrir stjórn ÍSS.

Valnefnd skal starfa eftir *ISU Code of Ethics* og *Siðareglum ÍSÍ*.